

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 06.júní 2016
UST201604-049/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis og frístundabyggðar í landi Voga í Skútustaðahreppi.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar er barst 8. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis og frístundabyggðar í landi Voga í Skútustaðahreppi.

Skipulagssvæðið er um 21 ha að flatarmáli og nær yfir landareign Voga frá vatnsbökkum Mývatns og inn á hraunið austan þjóðvegur. Í greinargerð kemur fram að svæðið er í meginatriðum þrískipt: landbúnaðarland með útihúsum og íbúðarhúsnæði þar sem gert er ráð fyrir viðbyggingum, svæði fyrir ferðaþjónustu þar sem gert er ráð fyrir fjölgun gistihúsa og stækkun starfsmannaádstöðu og svæði fyrir frístundabyggð þar sem gert er ráð fyrir fjölgun frístundahúsa og nýjum aðkomuvegi. Umhverfisstofnun bendir á að viðbyggingar eru ráðgerðar innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár og nýji aðkomuvegurinn er áætlaður um óraskað nútímahraun.

Núverandi byggð

Eins og fram kemur í greinargerð einkennist svæði Voga af því að vera búsetulandslag og því að jörðinni hefur verið skipt niður í smærri eignarlönd. Einnig kemur fram að íbúðarhús eru samtals 14 auk annarra bygginga. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem um þyrpingu húsa er að ræða á skipulagssvæðinu þarf að sýna meiri aðgát við áætlanir um viðbætur s.s. vegna fráveitumála, sjónrænna áhrifa og vegna aukins ágangs á viðkvæmu svæði.

Lög og reglugerðir

Lög og reglugerð hafa verið sett til verndar Mývatni og Laxá. Þrátt fyrir það er kúluskítur horfinn úr Mývatni og þar er þörungablómi, vegna ofauðgunar að talið er, sem einnig ógnar öðru lífríki í vatninu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að að rask vegna framkvæmda á verndarsvæði umhverfis Mývatn sé eins lítið og kostur er, enda óheimilt að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á verndarsvæðinu.

Hluti núverandi bygginga á ofangreindu skipulagssvæði eru innan verndarsvæðis og eru tillögur um stækkun bygginga innan þess. Umhverfisstofnun sýnir því skilning að stækka þurfi húsnæði þar sem atvinnustarfsemi fer fram, en telur neikvætt ef slík stækkun er áætluð innan verndarsvæðis þar sem að með auknum framkvæmdum innan verndarsvæðis verður meiri röskun á yfirborði og lífríki að ræða, og vatnsbakki Mývatns fær meir á sig mynd manngerðs umhverfis.

Deiliskipulagstillagan

Áætlaðar eru eftirfarandi viðbætur við hús sem staðsett eru innan verndarsvæðis:

Stækkun vélargeymslu: Í húsaskrá kemur fram að vélargeymsla er 162 m², og tillaga er um að byggja aðra vélageymslu á sama byggingarreit að stærðinni 288 m². Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að nýtt hús fyrir vélargeymslu og tengda starfsemi verði fellt að byggðinni á svæðinu. Eldri byggð á Voga-svæðinu er smáfelld með vissri heildarmynd. Skv. mynd á forsíðu skera nýrri byggingar sig úr hvað stærðarskala varðar og trufla ásýnd svæðisins.

Stækkun á Vogafjósi: Á uppdrætti kemur fram að Vogafjós sem er 613,7 m², og má skv. tillögunni stækka í 1100 m², á einni hæð með mænishæð 5 m. Vogafjós sker sig nú þegar úr byggðinni umhverfis vegna stærðar og forms. Einnig er áætluð stækkun á mörkum verndarsvæðis. Að mati Umhverfisstofnunar yrðu neikvæð sjónræn áhrif af stækkun minni ef húsið væri brotið upp með viðbyggingu og fellt að byggðinni umhverfis, einnig mælir stofnunin með að stækkun fari ekki inn á verndarsvæði.

Stækkun á íbúðarhúsi Vogum 1: Á uppdrætti kemur fram að íbúðarhúsið á Vogum 1 megi skv. tillögunni stækka úr 230,7m² í 300 m² á tveim hæðum.

Stækkun á gamla fjósi og gamla mjólkurhúsi: Í greinargerð segir að einn byggingarreitur sé fyrir gamla mjólkurhúsið og gamla fjósið, og að gert sé ráð fyrir stækkun vestur og norður. Á uppdrætti er sýndur rúmur byggingarreitur og að skv. tillögunni megi stækka gamla fjósið og mjólkurhúsið (73,1m²) í samtals 300 m² á tveim hæðum.

Að mati Umhverfisstofnunar er hér um áætlun að ræða sem mun raska svæði inni á verndarsvæði Mývatns og Laxár, og að mati stofnunarinnar ætti að leitast við að áætla framkvæmdir fyrir utan verndarsvæðið. Einnig bendir stofnunin á að áætlaðar stækkanir eru hlutfallslega miklar s.s. gamla fjósið og mjólkurhúsið sem gert er ráð fyrir að rúmlega fjórfaldist að byggingarmagni.

Náttúruvernd, nútímahraun

Í lögum nr. 60/2013 um í gr. nr. 61 um sérstaka vernd kemur fram að eldvörp, eldhraun, gervigigar og hraunhellar njóta sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim nema brýn nauðsyn beri til. Í ofangreindri skipulagstillögu er áætlun um röskun á hrauni. Umhverfisstofnun bendir á að áætlun um veglagningu frá Hringvegi umhverfis Mývatn að tveimur frístundahúsum F1 og F2, er um óraskað hraun. Að mati Umhverfisstofnunar er nú þegar vegur er tengir Hringveg og ofangreind frístundahús og lítur stofnunin neikvæðum augum á það rask á hrauni sem er áætlað, án þess að brýna nauðsyn beri til, þar sem frístundahúsin hafa aðkomu nú þegar.

Einnig er gert ráð fyrir í tillögunni að frístundahús rísi í hrauni, en bygging 6 frístundahúsa, sem eru áætlaðir allt að 120 m² hver mun hafa röskun á hrauni í för með sér. Að mati Umhverfisstofnunar er neikvætt að frístundabyggð er áætluð á grófu nútímahrauni.

Áhrifamat

Að mati Umhverfisstofnunar munu viðbyggingar innan verndarsvæðis hafa áhrif á yfirborð og gróður og dýralíf innan verndarsvæðis og þrengja að útivist innan verndarsvæðis. Umhverfisstofnun tekur því ekki undir að viðbyggingar við landbúnaðarbyggingar hafi eingöngu jákvæð áhrif.

Vatnsgæði og fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu er ákvæði í 24. gr. um frárennismál, þar segir: „Skólp á vatnasviðinu skal hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp.“ Reglugerðin um fráveitur og skólp gildir um söfnun, hreinsun og losun skólps frá þéttbýli og tiltekinni atvinnustarfsemi og um atvinnurekstur. Þar af leiðandi skal fráveita frá atvinnustarfsemi s.s. þjónustu við ferðamenn hafa fráveitu er hefur ítarlegri hreinsun skólps en tveggja þrepa.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar eru tilteknar framkvæmdir sem áætlaðar eru í ofangreindu deiliskipulagi neikvæðar, þar sem þær munu raska svæði á verndarsvæði Mývatns og Laxár og þær munu raska hrauni sem í dag er óraskað og nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Að mati Umhverfisstofnunar er vegur um hraun að frístundahúsum með öllu óþarfur.

Að mati Umhverfisstofnunar er húsaskrá í viðauka til mikillar fyrirmyndar.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson

Björn Stefánsson
Sérfræðingur